

Hringrás - Akureyri
Ægisnes 1
600 Akureyri

Reykjavík, 25. nóvember 2019
UST201901-187/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit í Hringrás á Akureyri

Þann 4. október sl. fór fram reglubundið eftirlit með starfsleyfi Hringrásar á Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu og eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Losunarmörk fyrir styrk blýs (Pb) í fráveituvatni er 0,2 mg/L. Styrkur blýs í fráveituvatni mældis 0,61 mg/L í mælingu 2018.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. desember, 2019.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands Eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás hf, Akureyri Krossanesbraut/Ægisnes 1, Akureyri



Dags eftirlits	4.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Hringrás hf, Akureyri	Eftirlitsmaður	
Heimili	Ægisnes 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5106131390	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Daði Jóhannesson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Gíslason	Staðsetning	540324,643 578806,94

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik er varðar magn blýs í fráveituvatni. Eldri frávik er varða geymslu úrgangs á plani með bundnu yfirborðslagi haldast opin og var frestur til úrbóta 31. desember 2018. Ein ábending var gerð er varðar uppfærslu viðbragðsáætlunar ef þörf er á.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi Hringrásar á Akureyri og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Skráningar og mælingar (gr. 5.1 og 5.2)
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.4 og 2.5)
4. Tryggingar (gr. 2.15)
5. Síðasta eftirlitsskýrsla
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
7. Skoðunarferð um viðeigandi svæði

Á móttökustöð Hringrásar er heimilt að taka á móti allt að 3900 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var tekið á móti 3840 tonnum af brotajárn og málum, 6,7 tonnum af rafgeymum, 3,8 tonnum af raftækjum og 1,1 tonni af öðrum spilliefnum. Fram kom að móttaka spilliefna væri að mestu hætt og markmiðið væri að hætta móttoku spilliefna.

Rekstraraðili hefur skilað inn niðurstöðum eftirlitsmælinga, sbr. gr. 5.3 í starfsleyfi. Gildi á blýi eru yfir losunarmörkum, sbr. gr. 5.3 í starfsleyfi, en aðrir mælibættir eru innan marka.

Kynntar voru nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa og í því samhengi rætt um viðbragðsáætlun rekstraraðila. Viðbragðsáætlun var tiltæk við eftirlit og var rekstraraðila bent á að uppfæra viðbragðsáætlunina með hlíðsjón af leiðbeiningunum ef þörf er á.

Rekstraraðili lagði fram tryggingaskírteini til staðfestingar á tryggingum, sbr. gr. 2.15 í starfsleyfi.

Rætt var um niðurstöður síðstu eftirlitsskýrslu en í síðasta eftirliti kom fram eitt frávik er varðar að úrsérgengin ökutæki voru ekki geymd á plani með bundnu yfirborðslagi og efnishaugar náðu út fyrir steyp undirlag athafnasvæðis. Þá var unnið eftir úrbótaáætlun vegna brigga eldri frávika er varða neyðaráætlun, hreinan aðskilnað efnishauga og geymslu spilliefna. Í eftirliti nú var staðfest að neyðaráætlun hefur verið skilað og efnishaugar eru nú aðskildir. Efnishaugar ná enn út fyrir steyp undirlag athafnasvæðis. Samkvæmt samþykkti úrbótaáætlun dags. 7. desember 2018 átti úrbótum vegna þessa að ljúka 31. desember 2018. Einnig var staðfest í eftirliti að engin spilliefni voru geymd utandyra.

Kynnt var nýtt áhættumat Umhverfisstofnunar, en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að byggja tíðni vettvangsheimsókna á kerfisbundnu mati á umhverfisáhæltu viðkomandi starfsemi. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áhættumati fyrir starfsemi sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar og hyggst áhættumeta starfsemina samhlíða vettvangsheimsóknum á árinu. Í lok árs mun stofnunin síðan rýnar heildrænt niðurstöður áhættumatsins og nota sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um svæðið. Athafnasvæðið var nokkuð snytilegt, skipulagt og efnishaugar aðskildir. Enn er eftir vinna við að færa efnishauga inn á steyp plan athafnasvæðisins. Engar athugasemdir voru gerðar að þessu sinni að öðru leyti en því að mikilvægt er að rekstraraðili ljúki sem fyrst vinnu við að færa úrgang inn á steyp plan.

Frávik frá

gr. 5.3 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Losunarmörk fyrir styrk blýs (Pb) í fráveituvatni er 0,2 mg/L. Styrkur blýs í fráveituvatni mældist 0,61 mg/L í mælingu 2018.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa ef þörf er á.

ANNAÐ

Einnig var viðstaddur eftirlitið frá heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra Alfreð Schiöth.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.11.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir

bls. 4